

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	5.7.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

I eftirlitinu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi og tvær athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

Unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun útistandi fráviks, er varðar að ársskýrslu sé skilað tímanlega fyrir samráðsfund og er veittur frestur til 1.mars að skila ársskýrslu fyrir árið 2016.

Mæliáætlun og umhverfisvöktunaráætlun eru í endurskoðun.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á skoðunarferð um verksmiðjuna þar sem að lögð var áhersla á ryk uppsprettur frá verksmiðjunni og farið yfir skráningar á ryklosun frá fyrirtækinu. Hingað til hefur ryklosun frá ryk uppsprettum öðrum en frá aftöppun (kjósverja) og ofnum (stóru reykheinsivirki) verið áætluð en ekki byggð á beinum mælingum.

Byrjað var á að fara niður á höfn og líta á löndunarbúnað. Mest allt hráefni í verksmiðjuna er mokað upp úr skipslestum með krana í stórt síló sem svo matar á færriband.

Efnið er vætt á færriböndunum til að lágmarka rykmyndun. Á hráefnasvæði er eldhúð og koks geymt að mestu leyti í yfirbyggðum geymslum en kvars, járnkúlur og timburkurl er geymt í haugum á lóðinni. Efnið er svo matað inn í dagsíló með hjólaskóflum og fer þaðan í lokuðu kerfi í gegnum þvottaturna áður en það fer inn á ofnanna. Hráefnasvæði er þrifið einu sinnum í mánuði til að lágmarka m.a. að svifagnir berist í frárennslið og önnur svæði á lóð 2x í mánuði.

Þá var farið að ofnhúsi og litið á hreinsivirki frá aftöppun, þ.e. Kjósverja og Samúel. Í vor voru gerðar útblástursmælingar frá Samúel sem voru innan starfsleyfismarkna og mælingar frá Kjósverja eru gerðar 2x á ári.

Þá var farið í skoðunarferð í reykheinsivirkin og í ofnhúsið. Í reykheinsivirkinu stóðu yfir pokaskipti enda ofnstopp í gangi á ofni 2. Mikið ryk er til staðar inni í reykheinsivirkinu. Aftöppun stóð yfir þegar eftirlitið fór fram en yfir aftöppuninni er reyk háfur sem leiðir reykinn út í hreinsivirki (Kjósverja og Samúel). Við ferilinn sáust reyktoppar, t.d. frá deiglu með fljótandi málm og þar sem að útsteiptum hellunum er hvolft. Málmur frá ofni 1 og 2 er steypur út í steypubelti sem hefur yfirbreiðslur og gufugleypi til að lágmarka rykmengun. Jafnframt er afsogshetta þar sem að hellt er úr deiglu í steypubeltið, sem tengd er pokasíuvirki. Málmur frá ofni 3 er steypur úr í hringekju með vatnskælingu og gufugleypi. Ekki var neitt afsog þar sem pönnurnar eru tæmdar og reis upp töluverður mökkur þar sem það er gert. Athuga mátti að setja afsog þar. Mælingar í rjáfri eru gerðar eru 2x á ári standa yfir í 6-8 daga (sóláhring á hverjum mælistað) og er ætlað að ná yfir ryktoppa sem þessa. Fylgst er með mismunaprýstingi í reykheinsivirkinu (frá ofnum) til að meta þörf á pokaskiptum og losun ryks út um reykheinsivirki reiknuð út frá skráningum á rekstri hreinsivirkisins, þ.e. ryksöfnun hverju sinni og hlutfalli poka í fullri virkni.

Frá ofnhúsi lá leiðin í kvarnahús og þaðan í mölun og pökkun. Frá helstu ryk uppsprettunum eru pokahreinsivirki. Reglulegt viðhald er með virkjunum en ekki hafa verið gerðar mælingar frá þeim hingað til. Frá pökkunarhúsi er útblásturstúða og var sýnilegur reykur frá henni. Mælingar hafa ekki verið gerðar frá þessari útblásturstúðu.

Að lokum var sest niður á fund með rekstraraðila og farið yfir endurbætur á skráningum á ryklosun frá stóru reykheinsivirkjunum (frá ofnum) og útreikninga á losun SO<sub>2</sub> út frá hráefnisupplýsingum. Skráningarnar voru til fyrirmyndar varðandi rykið og SO<sub>2</sub> losun.

Að lokum var minnt á að uppfæra þurfi mæliáætlun í samræmi við endurbætur á mælingum frá smærri ryk uppsprettum. Vöktunaráætlun fyrir Grundartangasvæðið er í endurskoðun og er stefnt á að auglýsa hana til umsagnar áður en hún verður gefin út. Auk þess hefur rekstraraðila verið sent erindi um að Umhverfisstofnun hyggist endurskoða starfsleyfi Elkem Ísland sbr ákvæði 1.8 í starfsleyfinu.

### Frávik frá

Grein 2.3 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Taka þarf upp mælingar á hreinsivirkjum við minni ryk uppsprettur, þ.e. frá steypubelti, kvarnahúsi, mölun og pökkun. Þá þarf að gera betur

#### **ATHUGASEMDIR**

Bæta þarf utanumhald um skráningar á viðhaldi og eftirliti á ryksöfnunarbúnaði frá ryk uppsprettum, s.s. útsteypingu, steypubelti, kvarnahúsi, mólun og pökkun.

Í eftirlitinu kom fram að u.þ.b. 1x til 2x í mánuði þurfi grípa til neyðarútsteypingar þ.e. að steypa kísilmálminum út í svokallaða sæng (í eina samfellda steypu á gólfi). Í eftirlitinu var spurt út í áætlaða losun vegna steypingar sem þessarar en sérstök rykmæling hefur ekki verið gerð vegna neyðarútsteypinga sem þessarar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.09.2016

  
Halla Einarsdóttir